



Mánaðamót

2. mars 2026

Greiningardeild Landsbankans

Markaðsdagatal – mars 2026

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
2. mars	Eimskip og Oculis birta uppgjör Verðbólga á evrusvæðinu	Kaldalón birta uppgjör	Greiðslujöfnuður við útlönd f. 4F (SÍ) Hampiðjan og Síldarvinnslan birta uppgjör	Atvinnuleysi í Bandaríkjunum
9	Brottfarir um Keflavík (FMST) Skráð atvinnuleysi (VMST)	Verðbólga í Bandaríkjunum	Eik birtir uppgjör	
Ölgerðin birtir uppgjör	Greiðslumiðlun í febrúar (SÍ) Vísitala íbúðaverðs í febrúar (HMS)	Vaxtaákvörðun (SÍ) Vísitala leiguverðs í febrúar (HMS) Alvotech birtir uppgjör Vaxtaákvörðun í Bandaríkjunum	Mánaðarskýrsla Hagdeildar (HMS) Vaxtaákvörðun í Bretlandi Vaxtaákvörðun á evrusvæðinu	
Vísitala launa í febrúar (HAG)		Ísfélagið birtir uppgjör Verðbólga í Bretlandi	Vísitala neysluverðs í mars (HAG) Amaroq birtir uppgjör	Hagvísar (SÍ)
Gistinætur í febrúar (HAG) Verðbólga á evrusvæðinu				




Verðbólga

Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,94% á milli mánaða í febrúar. Verðbólga stóð í stað og mælist áfram 5,2%. Mælingin var töluvert yfir spá okkar um 0,64% hækkun á milli mánaða og 4,9% verðbólgu.

Vísitala neysluverðs

Breyting milli ára




Breyting VNV á milli mánaða


Það sem helst kom okkur á óvart í mælingunni var mikil hækkun á verði á mat og drykkjarvörum. Flugfargjöld til útlanda hækkuðu töluvert á milli mánaða, en við gerðum ráð fyrir örlítilli lækkun. Áhrif gjaldskrárhækkana voru einnig meiri en við áttum von á. Á móti var nokkuð minni hækkun á reiknaðri húsaleigu og Hagstofan leiðrétti mistök í verðmælingu á bensíni og dísel í janúar sem kemur fram sem lækkun nú í febrúar.

Febrúarmælingar VNV

Breyting milli mánaða og framlag undirliða




Framlag undirliða í febrúar



Eftir eðli og uppruna

Innlendar vörur hafa hækkað síðastliðið ár, en á sama tíma hafa innfluttar vörur lækkað. Ferðapjónustutengdir liðir höfðu nokkur áhrif til hækkunar á ársverðbólgu í febrúar, en flugfargjöld til útlanda mælast nú 22% hærri en á sama tíma í fyrra. Hægt hefur á hækkunum á reiknaðri húsaleigu á allra síðustu mánuðum en þrátt fyrir það er framlag heildar húsnæðiskostnaðar að mestu óbreytt vegna gjaldskrárhækkana.

Ársbreyting



Breyting á samsetningu ársverðbólgu




Horfur næstu mánuði

Spá okkar fyrir næstu mánuði er +0,28% í mars, +0,69% í apríl og +0,03% í maí. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan mælast 5,1% í mars, 4,8% í apríl og 4,7% í maí.

Verðbólguþá


Breyting milli mánaða og framlag undirliða



Matur og drykkjarv. Föt og skór Húsnæði
Húsg. og heimilisb. Bensín Flugfargjöld til útlanda
Annað VNV

Verðbólguþá^{*)}

Ársverðbólga



^{*)} Spá birt 26. febrúar 2026
Heimild: Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans




Stýrivextir

Peningastefnunefnd hélt vöxtum óbreyttum þann 4. febrúar sl. Allir nefndarmenn studdu ákvörðunina. Meginvextir bankans standa nú í 7,25%. Samkvæmt yfirlýsingu nefndarinnar voru verðhækkanir á tiltölulega breiðum grunni og undirliggjandi verðbólguþrýstingur því áfram til staðar. Á móti eru skýr merki um kólnun og útlit fyrir tiltölulega hægan hagvöxt og að verðbólga hjaðni þegar líður á árið. Næsta vaxtaákvörðun er 18. mars og við teljum ekki líkur á vaxtalækkun þá.

Vaxtaákvörðanir peningastefnunefndar

Dags.	Ákv.	Atkvæði með	Atkvæði móti	Kosið annað	Meginvextir
7. feb. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
20. mar. 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	GJ (-0,25%)		9,25%
8. maí 2024	óbr.	ÁJ, RS, ÁÓP, HS	AS (-0,25%)		9,25%
21. ágú. 2024	óbr.	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			9,25%
2. okt. 2024	-0,25%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS		HS (óbr.)	9,00%
20. nóv. 2024	-0,50%	ÁJ, RS, TB, ÁÓP, HS			8,50%
5. feb. 2025	-0,50%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			8,00%
19. mar. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,75%
21. maí 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP		HS (óbr.)	7,50%
20. ágú. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
8. okt. 2025	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,50%
19. nóv. 2025	-0,25%	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
4. feb. 2026	óbr.	ÁJ, ÞGP, TB, ÁÓP, HS			7,25%
18. mar. 2026					
20. maí. 2026					
19. ágú. 2026					
7. okt. 2026					
18. nóv. 2026					


Meginvextir Seðlabanka Íslands




Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði jókst innan mánaðar í febrúar, hvort sem horft er til tveggja ára (4,4% í lok mánaðar, +0,1 prósentustig innan mánaðar), fimm ára (4,2% í lok mánaðar, +0,1 prósentustig innan mánaðar) eða til tíu ára (3,8% í lok mánaðar, +0,2 prósentustig innan mánaðar).

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði




Verðbólguálag til tveggja ára




Verðbólga, verðbólguvæntingar og raunstýrivextir

Meðaltal helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar var 3,8% í febrúar (+0,1 prósentustig á milli mánaða). Raunstýrivextir miðað við liðna verðbólgu voru 2,1% (óbreytt á milli mánaða) og út frá meðaltali helstu mælikvarða á verðbólguvæntingar voru þeir 3,5% (óbreytt á milli mánaða).

Verðbólga og verðbólguvæntingar



Raunstýrivextir




Meðaltal mánaðar. Verðbólguvæntingar eru meðaltal verðbólguálags á skuldabréfamarkaði til tveggja ára og fimm ára, niðurstaða úr væntingarkönnun markaðsaðila til eins árs og næstu fimm ár, væntinga heimila til næstu fimm ára og fyrirtækja til næstu fimm ára. Skyggða svæðið er hæsta og lægsta gildið. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Greiningardeild Landsbankans

Fasteignamarkaðurinn


Vísitala íbúðaverðs hækkaði um 1,7% á milli mánaða í janúar og hefur ekki hækkað svo mikið síðan í febrúar 2024. Hækkunin var drifin áfram af sérbýli á höfuðborgarsvæðinu, sem hækkaði um 3,2%, en auk þess hækkaði sérbýli á landsbyggðinni um 1,9%. Fjölbýli á höfuðborgarsvæðinu hefur haldist nokkuð stöðugt síðustu mánuði og hækkaði um 0,7% í janúar. Árshækkun vísitölunnar í janúar mældist 2,4%.

Vísitala íbúðaverðs

Breyting á milli ára



Undirritaðir kaupsamningar á landinu öllu




Verg landsframleiðsla

Landsframleiðsla jókst um 1,3% á milli ára að raunvirði í fyrra, en dróst saman um 0,6% á fjórða ársfjórðungi. Einkaneysla var mjög sterk, en hún jókst um 4,3% á milli ára í fyrra. Gagnaversfjárfestingar síðasta árs höfðu töluverð áhrif á þjóðhagsreikninga. Fjármunamyndun dróst saman um 12,5% á milli ára á fjórða ársfjórðungi, vegna þess að gagnaversfjárfesting var mun minni en á sama fjórðungi árið áður. Minni gagnaversfjárfesting skýrir einnig minni innflutning á fjórðungnum.

Verg landsframleiðsla – árstölur


Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Einkaneysla Samneysla Fjármunamyndun Útflutningur
Innflutningur Birgðabreytingar VLF

Verg landsframleiðsla – ársfjórðungstölur


Breyting milli ára ásamt framlagi undirliða



Einkaneysla Samneysla Fjármunamyndun Útflutningur
Innflutningur Birgðabreytingar VLF


Velta skv. VSK-skýrslum

Veltan dróst saman í nóv-des í öllum þremur stóru útflutningsgeirunum. Velta dróst saman í öllum helstu greinum ferðapjónustu nema í rekstri heilsulinda. Mikil aukning var í sölu og viðhaldi á bifreiðum, en mikil sala var á nýjum bílum rétt fyrir áramót áður en nýir tollar lögðust á. Velta í heildverslun og smásölu fylgdi nokkurn veginn verðlagi. Aukningin í tækni- og hugverkaiðnaði skýrist af mjög mikilli aukningu í rekstri gagnavera.




Atvinnuleysi

Skráð atvinnuleysi var 4,9% í janúar sem er 0,7 prósentustigum hærra en árið áður. Atvinnuleysi samkvæmt vinnumarkaðsrannsókn Hagstofu Íslands var 8,3% án árstíðarleiðréttingar og 7,3% árstíðarleiðrétt. Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar er úrtakskönnun og á það til að sveiflast mjög mikið á milli mánaða. Því þarf að fara mjög varlega í að lesa í staka mælingu.




Greiðslukortavelta íslenskra heimila

Kortavelta jókst um 5,4% á milli ára í janúar að raunvirði. Þar af jókst hún um 18,4% erlendis og 1,7% innanlands. Íslendingar fóru í 7,6% færri utanlandsferðir nú í janúar en í fyrra, sem bendir til þess að erlend netverslun hafi verið sterk í janúar.



Viðskiptajöfnuður við útlönd

Afgangur af vöru- og þjónustujöfnuði nam 24 milljörðum á fjórða ársfjórðungi 2025, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofu Íslands. Afgangurinn var talsvert minni en á sama tímabili í fyrra þegar hann nam 44 milljörðum. Þjónustujöfnuður var jákvæður um 49,4 milljarða en vöruskiptajöfnuður neikvæður um 73,4 milljarða.




Staðan í ferðaþjónustu

Um 119 þúsund erlendir ferðamenn fóru um Keflavíkurflugvöll í janúar, um 1,8% færri en í janúar í fyrra. Þrátt fyrir að fjöldinn í janúar hafi ekki verið minni síðan árið 2022, þá munar í raun ekki miklu. Kortavelta erlendra ferðamanna hérlandis dróst saman um 7,4% á milli ára á föstu verðlagi og um 0,6% á föstu gengi í janúar á meðan gistinóttum útlendinga á hótélum fækkaði um 4,3% á milli ára.


Uppsafnaður fjöldi ferðamanna

Þúsund manns




Þróun helstu mælikvarða

Breyting á milli ára



Gengi krónunnar

Krónan styrktist á í febrúar. Í lok mánaðarins stóð evran í 143,5 (-1,7 krónur innan mánaðarins). Styrkingin er talin tengd fréttum um skattgreiðslu Kerecis. Krónan veiktist lítillega á móti bandaríkjadal og stóð hann í 121,6 krónum (-0,3 krónur innan mánaðar) í lok mánaðarins.



Útgáfa Greiningardeildar í febrúar

11. febrúar: Hagsjá: Útflutningur til Bandaríkjanna stendur í stað – loðnan kemur á góðum tíma

12. febrúar: Hagsjá: Spáum 4,9% verðbólgu í febrúar

24. febrúar: Hagsjá: Íbúðaverð tók stökk í janúar en raunverð íbúða lækkar áfram

26. febrúar: Hagsjá: Undirliggjandi þrýstingur eykst þrátt fyrir óbreytta verðbólgu

27. febrúar: Hagsjá: Hagvöxtur í fyrra drifinn áfram af einkaneyslu

Fyrirvari

Þessi samantekt og/eða umfjöllun er markaðsefni ætlað til upplýsingar en ekki sem grundvöllur viðskipta. Markaðsefni þetta felur hvorki í sér fjárfestingarráðgjöf né óháða fjárfestingargreiningu. Lagakröfur sem gilda um fjárfestingarráðgjöf og fjárfestingargreiningu eiga því ekki við, þ.m.t. bann við viðskiptum fyrir dreifingu.

Upplýsingar um þróun gengis innlendra hlutabréfa, skuldabréfa og/eða vísitalna koma frá Nasdaq Iceland – Kauphöllinni. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á viðkomandi hlutabréf, skuldabréfaflokk eða vísitölu. Upplýsingar um þróun gengis erlendra fjármálagerninga, vísitalna og/eða sjóða koma frá aðilum sem Landsbankinn hefur metið áreiðanlega. Þróun gengis í fortíð gefur ekki vísbendingu um framtíðarþróun.

Upplýsingar um fyrri árangur sjóða Landsbréfa byggja á upplýsingum frá Landsbréfum. Á vef Landsbankans er hægt að nálgast nánari upplýsingar með því að smella á heiti viðkomandi sjóðs, þ.m.t. um árangur síðastliðinna fimm ára. Upplýsingar um fyrri árangur sjóða sýna nafnávöxtun, nema annað sé tekið fram. Ef fyrri árangur sjóða byggir á erlendum gjaldmiðli getur ávöxtun aukist eða minnkað vegna gengissveiflna. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.

Verðbréfavíðskipti fela í sér áhættu og eru lesendur hvattir til að kynna sér Áhættulýsingu vegna viðskipta með fjármálagerninga og Stefnu Landsbankans um hagsmunaárekstra sem finna má á vef Landsbankans.

Landsbankinn hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki og sætir eftirliti fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (www.sedlabanki.is/fjarmalaeftirlit).

